

Stjórnarfundur - DVALARHEIMILI ALDRAÐRA sf (DA)

Fundur stjórnar Dvalarheimili aldraðra sf (kt: 570577-0349) fimmtudaginn 24 nóvember 2022 kl 13:00. Fundurinn er haldinn í gengum fjarfundarbúnað.

Mætt:

Eygló Sófúsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn J. Halldórsson, Bergur Elías Ágústsson, Helena Eyðís Ingólfssdóttir, Áki Hauksson auk stjórnar
Jón Helgi Björnsson og Áslaug Halldórsdóttir.

Dagskrá

1. Drög að samkomulag milli heilbrigðisráðuneytis og Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslu um flutning á þjónustu Dvalarheimilis aldraðra til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Stjórn yfirfor drögin sem Hilmar Gunnlaugsson, lögfræðingur hefur jafnframt yfirfarið fyrir hönd stjórnar.

Rætt um gjald vegna húsnæðis og að það yrði annar samningur gerður til hliðar við samkomulag um flutning rekstur sem mundi snúa að húsgjaldi/leigu.

Stjórn samþykkir að drögin með áorðnum breytingum verði grunnur að samkomulagi milli heilbrigðisráðuneytisins og DA. Stjórnarformanni falið að kynna drögin fyrir sveitarstjórnnum.

2. Málefni frá síðasta fundi

a. Framkvæmdir og viðhald á yfirstandandi ári

Gögn verða lögð fyrir á næsta stjórnarfundum.

b. Mögulegt samstarfsform við félagsþjónustu Norðurþings um þjónustu við skjólstaðinga

Stjórn samþykkir að Hróðný og Áslaug leggi fram drög að samstarfssamning um sameiginleg verkefni sem lagður verður fyrir stjórn á næsta fundi til afgreiðslu.

Stjórn upplýst um að fyrstu skref varðandi samstarfssamning um sameiginlega verkefnið verði mánaðarlegir fundir stjórnenda sem koma að öldrunarþjónustu.

c. Endurskoðun á rekstrarformi hjúkrunarrýma / dvalarrýma / dagvistunaryma

Stjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við Norðurþing um yfirtöku á dagþjálfunarrýmum og felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra framgang málsins. Tekið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

d. Fjárhags- og viðhaldsáætlun fyrir 2023

Framkvæmdastjóra falið að hefja gerð fjárhags og viðhaldsáætlun fyrir árið 2023. Farið verður nánar yfir málið á næsta fundi.

e. Starfsáætlun stjórnar – til umræðu

Lögð fram og tekinn til frekar umræðu á næsta fundi stjórnar.

Stjórn frestar afgreiðslu framangreindra liðar þar til niðurstaða er fengin í lið nr. 1.

3. Önnur mál

Helena Eydís óskar eftir umræðu og upplýsingum um heildarfjölda hjúkrunarrýma (DA og Skógarbrekka) og heildarfjölda dvalarrýma á starfssvæði DA sf, sem og notkun og þörf á dagvistunarrýmum og möguleg færsla þeirra til Norðurþings m.t.t. nýtingu húsnæðis DA sf.

Áslaug upplýsti um heildarfjölda hjúkrunar og dvalarrýma.

Rætt var um mikilvægi þess að aðgreina starfseminu sem fara mun fram innan húsnæðis Hvamms í aðskyldum rekstri, annars vegar ríkis og hins vegar sveitarfélaganna sem standa að Hvammi, með hagsmuni og lífsgæði íbúa og notenda þjónustunnar að leiðarljósi.